

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 18. nóvember 2024  
UST202410-142/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hraunsland og Hraunstjörn - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 16. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraunsland og Hraunstjörn.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að landinu verði skipt í tvo hluta og skilgreindir tveir byggingarreitir á hvorum þeirra, fyrir íbúðarhús og gróðurhús í öðrum reitnum en gestahús í hinum. Á byggingarreit B-1 er heimilt að byggja gróðurhús og íbúðarhús, allt að 650 m<sup>2</sup> á einni eða tveim hæðum og á byggingarreit merktur B-2 er heimilt að byggja gestahús allt að 80 m<sup>2</sup>, á einni hæð.

### Hraun

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er jaðarinn á hrauni sem rann eftir ísöld og er því friðað samkvæmt náttúruverndarlögum.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu er ekki friðað heldur nýtur það sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Því þarf að gera minniháttar lagfæringar á greinargerð. Umhverfisstofnun vill auk þess benda á að rétt flatarmál á líklega að vera 20.752 m<sup>2</sup>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

**sérfræðingur**